



## Lóðahreinsun og númerslausar bifreiðar

Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóðar  
Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti segir í:

18. gr. 1. mgr.: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði“,

20. gr. 1. mgr.: „Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“ og

21 gr. “Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bíflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum”.

Heimildir heilbrigðisnefnda sveitarfélaga vegna ákvörðunar um  
lóðahreinsun og/eða að láta fjarlægja lausamuni s.s. bíflök, brotajárn  
ofl.

17. gr. (áður 16. gr.) reglugerðar nr. 737/2003, með síðari breytingum, um meðferð úrgangs  
segir:

*„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.*

*Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.*

*Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.*

*Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurniðslu.*

*Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.*

*Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu“.*

## Lögveð í fasteign:

Bent er á að skv. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, er kostnaður sem til fellur, tryggður með lögveðsrétti í húsi, lóð eða tæki.

Þetta þýðir að við lóðahreinsanir er Heilbrigðiseftirlitið með lögveð í lóð og fasteign og getur krafist uppboðs á eigninni til greiðslu fyrir vinnu og á útlögðum kostnaði.

## Sérstaklega um númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti:

Bent er á eftirfarandi meginreglur um númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti:

- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru á almannaferi **utan einkalóða**, þar með talið almennum bílastæðum, telst alltaf til lýta þrátt fyrir ásigkomulag og mun fá álímndan miða, þar sem veittur er einnar viku frestur til að farlægja hið álímnda tæki.
- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru **inni á einkalóð**, og eru til lýta eða valda mengunarhættu fyrir umhverfið, þrátt fyrir að vera á bílastæði, munu fá álímndan miða, ef ekki er talin þörf á að beita ákvæðum um lóðahreinsun, þar sem veittur er einnar viku frestur til að farlægja hið álímnda tæki. Embættið getur einnig beitt ákvæðum reglugerðar um hreinsun einkalóða til að fjarlægja númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti.
- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir og eru **EKKI staðsett á skilgreindu bílastæði einkalóðar**, telst alltaf til lýta þrátt fyrir ásigkomulag og mun fá álímndan miða, þar sem veittur er einnar viku frestur til að farlægja hið álímnda tæki.
- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru inni á skilgreindu bílastæði einkalóðar og eru EKKI til lýta og valda EKKI mengunarhættu fyrir umhverfið, munu ekki fá álímndan miða frá Heilbrigðiseftirlitinu. Undantekning er þó þar sem húsfélag, leigufélag eða sambærilegt félag í fjöleignarhúsi biður um aðstoð frá Heilbrigðiseftirlitinu, en viðkomandi greiðir þá kostnaðinn við að fá hið álímnda tæki eða lausamun fjarlæggt.

## Kærur vegna ofangreindra atriða

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits er vísað í gr. 60-61 laga nr. 7/1998. Heimilt er að kæra þessa málsmeðferð og aðgerðir Heilbrigðiseftirlitsins til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998. Slík kæra eða mállskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

## Fyrirspurnir og/eða ábendingar

Vinsamlega hafið samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands með því að senda tölvupóst á hsl(hjá)hsl.is eða hringja í síma 480 8250.